



STARFSÁÆTLUN

2020-2021

*Unnið af starfsfólki í júní og ágúst
yfirfarinn af foreldraráði & samþykkt í september*

I Leikskólinn Austurkór

Leikskólinn Austurkór er sex deilda leikskóli staðsettur við götuna Austurkór í Kórahverfinu í Kópavogi. Í leikskólanum er gert ráð fyrir 116 börnum á aldrinum 1-5 ára og um 28 manna starfsliði. Í skólanum eru góðar vinnuaðstæður og liðsheild mikil.

Í Austurkór er lögð rík áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og samvinnu í skólastarfinu og má lesa um starfsaðferðirnar í skólanámskránni okkar [hérna](#) en samkvæmt endurmats-áætlun skólans þá verður hún endurskoðuð þetta skólaárið.

[Heimasíða Austurkórs](#) hefur vaknað úr Pynnirósarsvefni og er nú virk upplýsingaveita eftir að breytt var um heimasíðukerfi og sjá leikskólastjórnendur öllu jafna um að uppfæra hana og setja inn fréttir. Við erum einnig dugleg við að setja inn tíðindi af okkur og verkefnum okkar á [facebooksíðu skólans](#).



II Um leikskólann

2.1 *Gerð leikskólans, húsnæði, lóð, rými*

Leikskólinn Austurkór er 6 deilda leikskóli og er húsnæði hans 876,4 m² og flatarmál lóðar er 5759 m². Í leikskólanum eru pláss fyrir 120 börn á aldrinum 1 -5 ára og er hann opin frá kl. 7.30 – 16.30 alla virka daga. Áætlað er að 20 börn séu á hverri deild en samsetning barnahópsins ræður hversu mörg börn eru á hverri deild hverju sinni. Að einu og öðru hefur verið dyttað að bæði innan- og utandyra síðasta skólaár ([sjá sjálfsmatsskýrslu](#)) og gaman væri að sjá í framkvæmdaráætlun málningu á veggjum innanhúss, eldstæði í garði og fleira skemmtilegt. En skólastjórnendum er ekki kunnugt hvaða framkvæmdir séu fyrirhugaðar í framtíðinni þegar þetta er ritað.

2.2 *Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur- skipulag*

Eins og aðrir leikskólar Kópavogsbæjar þá vinnum við í Austurkór eftir lögum um leikskóla, [aðalnámskrá](#) og [námskrá leikskóla Kópavogs](#). Einnig störfum við eftir okkar eigin skólanámskrá. Skólanámskrá Austurkórs má [lesa hér](#) en hún er eingöngu gefin út á rafrænu formi. Skólanámskrá Austurkórs er flæðandi (e. emergent curriculum) því skólastarf er síbreytilegt og tekur mið af því fólki sem er í skólanum hverju sinni, hæfni þeirra og reynslu. Í raun er starfsáætlun hvers skólaárs sú námskrá sem er í gildi hverju sinni. Hornsteinar skólastarfsins í Austurkór eru útinám, námslotur byggðar á gildum skólans og lýðræðisleg vinnubrögð. Gildi skólans eru Samvinna, Lýðræði, Atorka og einkunnarorð leikskólans eru „Austurkór ... þar sem ævintýrin gerast“.

III Starfsáætlun næsta skólaárs

3.1 Uppeldisstarfið

Við í Austurkór erum alltaf vakandi fyrir því að breyta til að bæta skólastarfið þannig að þörfum einstakra barna sem og barnahópsins í heild sé mætt á sem bestan hátt. Í ár munum við aðlaga okkur að breytttri aldurssamsetningu á deildum þannig að í stað þess að „Krakkaflæðið“ (sem var innleitt á síðasta skólaári) sé samstarf deildanna á sama gangi (bláa – gula gangi) þá verða það Lundur (á gula gangi) og Esja (á bláa gangi) sem leiða saman krafta sína í þessari námsstund. Eldri börnin Sjónarhóli (á bláa gangi) og Öskju (á gula gangi) taka þátt í „Krakkaflæðinu“ á meðan þau yngri eru í lengri hvíld og fara svo í könnunarleik. Þetta gerum við m.a. til að auka félagaval, nýta rýmið sem best (inni og úti) og gefa leiknum tíma án uppbrots. Við ætlum jafnframt að þróa föstu-svæðin sem í boði eru í „Krakkaflæðinu“ þannig að mannauðurinn nýtist sem best. Þessi svæði eru í umsjón Ingibjargar (listasmiðja – myndsköpun), Rannveigar (tónlist, sögur, sögugerð, málörvun) og Jessicu (leikræn tjáning) og munu þær vinna saman að ákveðnu þema yfir önnina. Á haustönn verður unnið með Ástralíu út frá fjölmenningu og listum og er sú ákvörðun fengin m.a. vegna niðurstaðna endurmats á námsþættinum „Menning og sköpun“. Við stefnum á að opna deildina Perlu (á rauða gangi) í október og jafnvel Dyngju á nýju ári en þessar deildar hafa verið lokaðar undanfarin ár. Við ætlum að endurmeta fundarþörf (m.a. vegna skólaþróunar og aukins stöðugleika í starfsmannahaldi) og endurskipuleggja þá sem og undirbúningstíma (m.a. með tilliti til nýrra kjarasamninga).

3.2 *Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir & hátíðir*

Skóladagatal þessa skólaárs tekur ekki miklum breytingum miðað við það síðasta en það sem við viljum breyta er að vinna dýpra með þá uppákomudaga sem þar eru settir fram m.a. með því að gera börnin virkari í skipulagningu og endurmati á þeim. Við munum eftir sem áður vera opin fyrir ævintýrum og grípa þau þegar að tækifæri gefst og aðlaga skipulagið að því. Í starfsáætlunum deildanna er eitt af markmiðum þessa skólaárs að fara oftár á sýningar og söfn enda kom í ljós í endurmati að við getum bætt okkur þar.

Samstarf við Boðaping þarf að endurskoða með tilliti til sóttvarna og verðum við án efa fljót að finna einhverja skemmtilega leið til að „hittast“.

Haustönn

8. september:
Dagur læsis

16. september:
Dagur íslenskrar náttúru

Október: Foreldrasamtöl
Bleikur dagur

27. Október
Alþjóðlegi bangsadagurinn

8. nóvember:
Baráttudagur gegn einelti –
Alls konar dagur

16. nóvember:
Dagur íslenskrar tungu

1. Desember
Fullveldisdagur - hangikjöt og uppstúf

21. Desember
Dagur myrkurs

Vorönn

6. janúar:
Prettándakaffi – jólin kvöld

22. Janúar - Bóndadagur
Porramatur

1. febrúar: Afmæli Austurkórs

6. febrúar: Dagur leikskólans

15.02: Bolludagur

16.02: Sprengjudagur

17.02: Öskudagur

Mars: Foreldrasamtöl

23. mars Blár dagur

Maí : Útskrift/útskriftarferð

Júní : Hjóladagur

Júní: Sumargleði - Dagur ljóssins
Alþjóðlegi drillumalldagurinn

Árið um kring

Föstudags-fræðsla þar sem starfsfólk
fræðir hvert annað um ýmis málefni
tengd starfinu í stuttum fyrirlestrum.

Fjörfundur á föstudögum.

Lengri og styttri vettvangsferðir s.s.
nágrannar heimsóttir, bókasafnsferðir,
farið í Kórin.

Samstarf við aðra leik- og grunnskóla.

Reglulega er brugðið á leik á deildum
leikskólans með ýmsum upptákum t.d.
náttfatadagur.

3.3 *Þróunar- og nýbreytnistarf*

Í kaflanum á undan 3.1 er aðeins komið inn á breytingar í skólastarfinu varðandi dagsskipulag og námsverkefni. Ekki er um neinn viðsnúning að ræða heldur höldum við áfram á þeirri braut sem við höfum sett okkur varðandi starfsaðferðir og uppeldissýn. Niðurstöður endurmats sýna að alltaf eru sóknarfæri á að gera betur og viljum við setja fókusinn þetta ár á útinám, málörvun og foreldrasamstarf.

Við höldum áfram í samstarfsverkefninu með Baugi, Hörðuvallaskóla og Kór og miðað við verkáætlun ætti þróunarverkefninu „Blær brúar bilið“ að ljúka í lok þessa skólaárs.

Við höfum leitað eftir samstarfi við Gerðasafn um lán á listaverkum til skólans (artótek) og vonandi verður það að veruleika.

Í ár ætlum við að uppfæra starfsmannahandbókina okkar, starfsreglur og verkferla. Jafnframt því viljum við rýna í samskiptin innan starfsmannahópsins, skráðar og óskráðar reglur o.s.frv. Hluti af þeirri vinnu verður gerð samskiptasáttmála.

Við finnum að við þurfum/eigum að endurmeta skólastarfið eftir markvissari leiðum og ætlum því að stofna matsteymi sem heldur utan um þá vinnu og gerir verkáætlun fyrir næstu ár.

IV Starfsmenn

4.1 *Starfsmannastefna*

Við höfum sett saman stefnu sem tengist starfsfólki Austurkórs með það markmið m.a. að auka öryggi í starfi, viðhalda starfsánægju og skapa sameiginlega sýn. Við ætlum að rýna í samskipti innan starfsmannahópsins þetta skólaár og skapa okkar samskiptasáttmála.

4.2 *Áherslur í samstarfi*

Samvinna er eitt af gildum skólans og er nærtækast að þær deildir sem eru á sama gangi vinni mest saman. Við teljum að í Austurkór hafi skapast sú skólamenning að við hjálpumst að þvert á deildir og eigum samtal á hverjum degi um það hvernig við getum verið í samvinnu og stutt hvert annað í því ófyrirsjáanlega starfsumhverfi sem leikskóli er. Það er eitt af aðalsmerkjum skólans og við erum stolt af því. Við viljum nýta mannauðinn í starfsmannahópnum og veita hverjum og einum starfsmanni tækifæri til að nota hæfni sína, auka við þekkingu og vaxa í starfi. Það gerum við m.a. með lýðræðislegum vinnubrögðum, fræðslu (jafningjafræðsla jafnt sem utanaðkomandi fræðslu), hvatningu til starfsþróunar (s.s. að sækja námskeið), undirbúningi, leiðbeiningarsamtölum og formlegu samráði. Samsetning starfsmannahópsins hefur tekið breytingum í þá átt að fleiri í liðinu búa yfir reynslu af skólastarfi og hægt er að dreifa ábyrgð og verkefnum á fleiri hendur. Stjórnendahópurinn þarf því ekki eins mikið og áður að vera með alla boltanna í sínum höndum – fleiri hendur vinna létt verk og skapar vonandi dýpri og skemmtilegri faglega umræðu....Það er ný og spennandi áskorun fyrir okkur í Austurkór.

4.3

Eins og fram kemur á síðunni á undan þá er þróun í samsetningu starfsmannahópsins eins og öðru í Austurkór. Það eru alltaf fleiri og fleiri sem bæta við árum í starfsreynslu sína við skólann og sjáum við að meira en helmingur starfsliðsins verður komin með 3 ár eða meir í reynslubankann sinn. Nýliðun fer alltaf minnkandi og verða 4 starfsmenn í leikskólakennaranámi á komandi ári (2 að hefja nám, 1 á þriðja ári og 1 háskólamenntaður að bæta við sig masternum) og 2 í Borgarholtsskóla í leikskólalærbrúnni (og hafa hug á áframhaldandi nám í fræðunum). Í Austurkórslíðinu eru 27 starfsmenn þarf af 9 kennarar, 1 tómstundafræðingur, 3 háskólamenntaðir, 2 leikskólaliðar, 4 stúdentar og rest með grunnskólapróf. Af þessum 27 starfa 2 í eldhúsi, 3 í stjórnun, 1 sérgreinastjóri með áherslu á skapandi starf og 5 í sérkennslu. Aðrir starfa á deildum og/eða í afleysingu.

4.4 *Fundir*

Lærdómssamfélag byggist á jafningjafræðslu, lýðræðislegum vinnubrögðum, sameiginlegri sýn og faglegu samtali og við í Austurkór erum dugleg við að finna leiðir til að ná þessu fram. Fundir er ein af þessu leiðum en við höfum einnig verið að fíkra okkur áfram með „workplace“ sem verkfæri fyrir upplýsingagjöf og faglegt samtal.

"Stöðufundir" eru stuttir daglegir fundir sem haldnir eru rétt eftir klukkan 9 en þá er farið yfir skipulag dagsins, starfsmannastöðu, ýmsar upplýsingar o.fl. Stundum koma upp aðstæður sem sem krefjast fljótra viðbragða t.d. upplýsingar v. Covid 19 og þá er hóað í svonefnt „*Pow wow*“ og málið rætt og leyst.

Deildarfundir höldum við reglulega því mikilvægt er að deildarfólk fái tækifæri til að ræða málefni barnahópsins sem og einstakra barna, skipuleggja starfið á deildinni, fara yfir starfsreglur o.m.fl. Í ár ætlum við fella svokallaða „*Tengslafundi*“ inn í deildarfundina því þörfin sem var fyrir þá er ekki lengur til staðar. Þeir voru settir í skipulagið þegar að starfsmannaveltan var mun meiri til að auðvelda deildarstjórum verkstjórn og hjálpa deildarfólki að skilja ábyrgð sína og hlutverk varðandi barnahópin og foreldra. Stundum koma upp einstök mál sem ekki þola bið eftir næsta skipulagða fundi og er þá brugðist við með því að halda auka deildarfund eða eins og við köllum þá *Krísufundi*. Deildarfundir og Krísufundir eru alla jafna haldnir á vinnutíma og höfum við það sem vinnureglu að nágranna-deildirnar gæta barnanna á meðan fundað er.

Deildarstjórafundir eru haldnir einu sinni í viku á miðvikudögum klukkan 14.00. Á þessa fundi mæta deildarstjórar deilda, sérkennslustjóri, aðstoðar- og leikskólastjóri. Fundað er um þau málefni sem sett eru á fundardagskrá hverju sinni (og ef tími er til – önnur mál). Allir starfsmenn geta sett málefni á fundardagskránnar sem hangir uppi við skrifstofu leikskólastjóra. Fundarstjórn er öllu jafna í höndum leikskólastjóra og fundarritun í höndum aðstoðarleikskólastjóra.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri mynda saman *Samráðsteymi* sem hittist á miðvikudögum fyrir hádegi og ræðir þau mál sem berast teyminu. Hlutverk og verkefni samráðsteymisins snúa fyrst og fremst að velferð barna og starfsfólks – hvort sem um er að ræða mál sem snúa að skólanum og starfi hans beint eða tengjast fjölskyldu/einkalífi viðkomandi. Samráðsteymið fundar með tengiliðum félagsþjónustu og menntasviði eins og þurfa þykir. Samráðsteymið kallar stundum á deildarstjóra á sinn fund til að leita eftir/veita upplýsingar og taka ákvarðanir um einstaka mál t.d. tilkynning til barnaverndar. Samráðsteymið sinnir einnig hlutverki áfallateymis í skólanum.

Starfsmannafundir eru haldnir reglulega yfir skólaárið og má sjá skipulag þeirra á skóladagatalinu.

Fagfundir verða með öðru sniði þetta skólaárið en áður og er markmið þeirra að dýpka faglega umræðu (einkum í tengslum við Reggio Emilia) og spegla okkur í eigin verkefnum sem annarra. Skipulag þessara funda er ekki alveg fullmótað en hugmyndin er að allir starfsmenn fái svigrúm til þess að sitja í litlum hópum með reglulegu millibili og ræði fyrir fram ákveðið fundarefni/fræðigrein/skráningu tengdu starfsaðferðunum okkar. Allir hóparnir koma svo saman og deila með hinum upplifun sína, umræður og lærdóm. Tíminn mun svo leiða í ljós hvort þetta virkar eða ekki...

Föstudagsfræðsla er jafningjafræðsla sem haldin er annan hvern föstudag og skiptist starfsfólkið á að halda „ör-fyrirlestra/fræðslu“ fyrir hvert annað. Fræðsluefnið er jafn fjölbreytt og við erum mörg og stundum fáum við utanaðkomandi aðila til að vera með fræðslu.

Samráðsfundir eru stuttir fundir leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra þar sem farið er yfir stöðu deildarinnar og/eða einstaka mál sem koma upp. Fundað er á undirbúningstíma deildarstjórans þegar þörf þykir. Einnig setjast deildarstjórar og sérkennslustjóri í samráð og ræða t.d. málefni tengd börnum sem fá stuðning. Þessir fundir hafa ekki fastan tíma og eru eftir þörfum.

Öllum starfsmönnum er boðið *starfsmannasamtal* árlega. Tilgangurinn er m.a. að ræða starfsþróun, frammistöðu og færni. Næsti yfirmaður hefur umsjón með skipulagi og framkvæmd samtalsins t.d. deildarstjóri ræðir við sitt deildarfólk.

4.5 *Skipulagsdagar*

Við notum skipulagsdaga m.a. í undirbúnings- og skipulagsvinnu, símenntun, endurmat og hópefli. Við viljum hittast með jöfnu millibili yfir skólaárið og ákveðum dagana í samráði við aðra leik- og grunnskóla hverfisins.

Skipulagsdagar skólaársins 2020-2021 verða sem hér segir:

4. september	4. janúar
27. október	17.mars
19. nóvember	14. maí

4.6 Símenntunaráætlun 2020-2021

Símenntunaráætlun, helstu áherslur og markmið símenntunar:

Símenntunaráætlun skólans tekur mið af stefnumótun sveitarfélagsins og er ætlað að vera styðjandi við starfsáætlun og er gerð með hliðsjón af veikleikum, styrkleikum og starfsaðferðum skólans.

Markmiðið er m.a. að efla starfsfólk í starfi, gefa því tækifæri til starfsþróunar og viðhalda faglegri þekkingu í samræmi við síbreytilegar kröfur og breytingar í starfsumhverfinu.

Í ár leggjum við áherslu á útinám, málörvun, fjölmenning og samskipti.

Þátttakendur	Lýsing á símenntun	Markmið	Tímabil	Tímafjöldi	Kostnaður á mann	Kostnaður alls	Heildarkostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Að skapa vettvang til upplýsingargjafar, endurmats,fræðslu og samstillingar starfsmannahópsins	Allt árið	0,5-1 klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	0 kr.	0 kr.	Guðný Anna
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Að hver starfsmaður skoði sig í starfi, setji sér markmið hvað varðar starfsþróun og geti komið með ábendingar um hvað megi betur fara í starfsumhverfi hans	Desember	Áætlaðar a.m.k. 30 mín. í hvert samtal	Unnið á vinnutíma			Guðný Anna
Allt starfsfólk	Nýliðafræðsla Stefnumótun Fræðsla	Sérstök fræðsla verður fyrir nýliða þar sem farið verður yfir ákveðin atriði í starfsmannahandbókinni sem og þau atriði sem eru í móttökuáætlun.	Ekki ákveðið	ca. 30-60 mín. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	0 kr.	0 kr.	Menntasvið
Allt starfsfólk	Fagfundir	Að skapa starfsfólki skólans vettvang til fræðilegrar umræðu, jafningjafræðslu og endurmats á starfi skólans	Allt árið	1 - 2 klst.	Unnið að hluta á dagvinnutíma og hluta á yfirvinnutíma	Greitt af leikskólans		Guðný Anna
Allt starfsfólk	Starfsmannafundir	Að hafa reglubundið samráð og veita upplýsingar til alls starfsmannahópsins á sama tíma. Yfirfara og gera ýmsar starfsáætlanir og stefnur. Fræðsla, endurmat og stefnumótun.	Sjá skóladagatal	2 klst.	Unnið á yfirvinnutíma Ca. 2 klst. x 6 = 10 yfirvinnutímar per. starfsmann skólaárið 2020-2021	Greitt af leikskólans	Laun af yfirvinnukvóta	Guðný Anna
Allir starfsmenn	Fræðsla	Að auka hæfni starfsfólks við að mæta mismunandi þörfum og hegðun barna á leikskólaaldri.	Skipulagsd. 04.09.20	1,5-2 klst.	Unnið á vinnutíma		70.000,-	Guðný Anna
		Fyrirlesarari: Ásdís Emelía Gunnlaugsdóttir - Erfið hegðun						
		Að fræða starfsfólk um gildi útnáms og kynning á námsleiðum.		1,5-2 klst.			70.000,-	
		Fyrirlesari: Sveinlaug Sigurðardóttir						

Páttakendur	Lýsing á símenntun	Markmið	Tímabil	Tímafjöldi	Kostnaður á mann	Kostnaður alls	Heildarkostnaður	Ábyrgð
Allir starfsmenn	Stefnumótun og endurmat	Að skoða samskipti, mörk og vinnureglur starfsmannahópsins í Austurkór Handleiðari: Margrét Björk Jóhannesdóttir	Haustönn Starfsm.f. og vinna af sér hluta af skipulagsd. 04.01.21	Óvitað	Unnið að hluta á dagvinnutíma og hluta á yfirvinnutíma	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans	60.000,-	Guðný Anna
Allir starfsmenn	Fræðsla	Að auka hæfni og þekkingu starfsfólks á hljóðkerfisvitund og mikilvægi snemmtækrar íhlutunar. Fyrirlesari: Tinna Sigurðardóttir	Skipulagsd. 27.10.20	1,5-2 klst.	Unnið á vinnutíma	70.000,-	70.000,-	Guðný Anna/ Unnur Ólöf
Allir starfsmenn	Fræðsla	Að auka hæfni og þekkingu starfsfólks á fjölmenningu og mikilvægi þess að vinna markvisst með margbreytileikann í barnahópnum Fyrirlesari: Saga Stephensen	Skipulagsd. 19.11.20	1-1,5 klst.	Unnið á vinnutíma	70.000,-	70.000,-	Guðný Anna
Allir starfsmenn	Hópefli	Að starfsmannahópurinn komi saman og hafi gaman. Umsjón: Stúdó Andra	Starfsm.f. 09.12.20	2 klst.	Unnið í yfirvinnu	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans 60.000,- kr.	60.000,- kr.	Guðný Anna

Páttakendur	Lýsing á símenntun	Markmið	Tímabil	Tímafjöldi	Kostnaður á mann	Kostnaður alls	Heildarkostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk en einkum meðlimir endurmatsteymis	Fræðsla	Að auka færni starfsfólks/ teymismeðlima í endurmatsfræðum Fræðari: Hildur B. Svavarsdóttir	Skipulagsd. 04.01.21	1 -1,5 klst.	Unnið á vinnutíma	50.000,-	50.000,-	Guðný Anna
Allir starfsmenn	Fræðsla	Að skoða Barnasáttmála Sp með Reggio-gleraugunum Fyrirlesari: Svava B. Mörk	Starfsm.f. 24.02.21	1-1,5 klst.	70.000,-	70.000,-	70.000,-	Guðný Anna
Allir starfsmenn	Fræðsla Kynnisferð Hópefli	Að efla þekkingu og reynslu starfshópsins af útinámi svo það sé sá hornsteinn sem við viljum Að kynna starfsaðferðum leikskóla sem vinnur einnig með flæði Að þetta starfsmannahópin Námskeið: Lesið í skógin Kynnisferð: Leikskólinn Ugluklettur	Skipulagsd. 17.03.21	Allur dagurinn	Óþekktur	Óþekktur	Óþekktur	Guðný Anna + ferðanefnd
						Kostnaður v. símenntunar skólaárið 2020-2021	520.000,- - ? kr.	Guðný Anna

4.7 *Þátttaka í rannsóknum*

Ekki er fyrirhugað að skólasamfélagið taki þátt í stórum rannsóknum en líkur eru á að nemarnir „okkar“ geri verkefni/rannsóknir í tengslum við sitt nám. Einnig er það von okkar að við fáum fleiri kennaranema til okkar í vettvangsnám og þeim fylgja alltaf skemmtileg verkefni/rannsóknir.

V Börn

5.1 *Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda, útskrift o.fl.*

Eins og áður hefur komið fram í þessari áætlun er það von okkar að skólinn verði því sem næst fullnýttur og allar deildir opnar á vorönn 2021. Við miðum við að á bláa og gula gangi (Sjónarhóli, Esju, Lundi og Öskju) verði 18-20 börn á deild og á rauða gangi (Perlu og Dyngju) verði 16 börn á deild. Það verða þá 108-110 börn í Austurkór á vormánuðum en aðlögun myndi dreifast yfir skólaárið. Vegna breytinga í samsetningu barnahópsins hefur verið ákveðið að flytja börn á milli deilda til að tryggja félagaval o.fl. Færast börn í árgangi 2015 frá Sjónarhóli og Öskju yfir á Esju og Lund í ágúst en vegna aldursblöndunar á deildum þá er öllu jafna ekki þörf á flutningi/ aðlögun hjá einstaka barni oftár en einu sinni á leikskólagöngu sinni í Austurkór. Við teljum það vera mikinn kost að barnið vaxi upp á sömu deildinni og myndi þannig góð tengsl við hin börnin og starfsfólkið (og sama gildir um foreldrana). Útskriftarhópurinn telur einungis 17 börn að þessu sinni.

5.2. Sérkennsla

Síðastliðin ár hefur verið áhersla á að styrkja sérkennara sem teymi og var fyrsta skrefið að koma á og festa í sessi vikulega teymisfundi um málefni sérkennslunnar og skjólstæðinga hennar. Nú þegar þessu hefur verið náð er næsta skref að taka sameiginlega ábyrgð með það að markmiði að allir sérkennarar geti sinnt öllum börnum. Á þann hátt getum við nýtt styrkleika hvers og eins og lært hvert af öðru. Þannig aukum við jafnframt líkurnar á að öll börn fái stuðning t.d. ef kennari forfallast í einhvern tíma getur annar stigið inn í hans hlutverk og sinnt því að einhverju leiti.

Á komandi skólaári er áætluð sérkennsla fyrir 23 börn í 3 og 4 flokki og 4 börn í 2 flokki. Stöðugildin eru fjögur.

VI Foreldrasamstarf

6.1 Stefna vegna foreldrasamstarfs

Við höfum sett saman stefnu um foreldrasamstarf í skólanum og er markmið hennar m.a. að stuðla að farsælu samstarfi milli leikskólans og foreldra. Stefnuna má lesa hér og mun hún vera endurskoðuð þetta skólaár samkvæmt fyrirhugaðri endurmatsáætlun.

6.2 Áherslur

Til að skapa gott samstarf milli heimilis og skóla þarf að skapa tengsl sem einkennast af trausti, virðingu og hlustun. Við í Austurkór viljum halda áfram að byggja upp skólasamfélag sem einkennist af þessum þáttum. Við vitum að foreldrar þekkja börnin sín best og að mesti árangurinn næst þegar skóli og heimili vinna saman að velferð barnsins. Við viljum að foreldrar komi að þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hverju sinni og það sé gefinn tími og rými til þess sjónarmið þeirra komi fram s.s. í áætlanagerð. Þessi markmið koma fram í stefnu skólans um foreldrasamstarf og er tengill á stefnuna hér að ofan. Okkur langar til að vikuleg upplýsingagjöf (svokallaðir vikupóstar) verði markvissari hjá öllum deildum og að opna skólann frekar fyrir foreldrum s.s. bjóða foreldrum að vera með okkur í morgunmat og á fjörfundum. Einnig er mikilvægt að endurvekja gott verklag í tengslum við foreldrafélagið og stjórn þess m.a. Að hafa einn fulltrúa af hverri deild og fundir séu haldnir með fulltrúa skólans sem og að fundargerð sé rituð og sett á heimasíðuna.

6.3 *Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu*

Til að Austurkór sé skólinn okkar þá þurfum við að nýta mannauð allra sem að skólanum koma og eru foreldrar ótæmandi auðlind í okkar skólasamfélagi. Við viljum að þátttaka þeirra sé ekki einstefnuleg þ.e. að foreldrar séu bara velkomnir þegar okkur hentar eða við viljum, heldur að samstarfið sé eðlilegt og áreynslulaust þar sem barnið er í brennidepli. Eitt af markmiðum þessa skólaárs er að auka hlut og tengsl við foreldra í skólastarfinu. Við munum kalla eftir hugmyndum úr barna-, starfsmanna- og foreldrahópnum að leiðum til að ná þessu marki m.a. á foreldrafundi á haustönn.

6.4 *Fræðsla & upplýsingar til foreldra*

Upplýsingastreymi er mikilvægt fyrir samstarf heimilis og skóla og sýna rannsóknir að óformlegu samskiptin s.s. í upphafi og lok dags hafi mest gildi fyrir foreldrana. Við viljum því veita hverjum og einum gott tækifæri og aðgengi að starfsfólki á þessum tíma. Einnig notum við formlegar boðleiðir t.d.:

Kynningafundur fyrir foreldra nýnema

Vikupóstar/Tölvupóstar

Upplýsingatöflur á deildum

Fréttamolar

Foreldrafundir

Facebook-síða skólans

Heimasíða skólans

Foreldrasamtöl

6.5 *Foreldraráð og foreldrafélag*

Í skólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í Austurkór, skipuleggja foreldrastarfið og standa fyrir ýmsum viðburðum sem auðga leikskólalífið. Á skólaárinu viljum við skerpa á þessu samstarfi og gera það formlegra með reglulegum fundum. En erfiðlega gekk að fá foreldra í stjórn félagsins á síðasta skólaári og heimtur félagsgjalda hefðu mátt vera meiri miðað við fjölda barna í skólanum.

Hlutverk foreldraráðs er að koma á framfæri skoðunum foreldra varðandi skólastarfið, skipulag og áherslupætti námsins. Foreldraráð gefur umsagnir um áætlanir sem þessa eins og lög gera ráð fyrir. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra og eru starfsreglur foreldraráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans.

VII Samstarf

7.1 *Samstarf við grunnskóla*

Félagsleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla. Sameiginlega þróunarverkefnið okkar “Blær brúar bilið” miðar að því að byggja brú þar sem skólastigin mætast og undirbúa þannig börnin fyrir væntanlega breytingu. Samstarf okkar við Hörðuvallaskóla teljum við vera í góðum farvegi og er vilji hjá báðum aðilum að bæta enn frekar í það.

7.2 *Samstarf við aðra*

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila, s.s. leikskólafulltrúa, sérkennslufulltrúa, leikskólaráðgjafa, sálfræðing, talmeinafræðing, kennara, iðjubjálfa, sjúkraþjálfra, heilsugæslu, velferðarsvið, greiningar- og ráðgjafarstöð. Auk þess höfum við verið í samstarfið við Boðaping, Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, HK, Vinnuskólann og ýmis önnur svið Kópavogsbæjar.

7.3 *Nemar*

Á síðasta skólaári fengum við til okkar fyrsta kennaranemann og var það mjög ánægjuleg reynsla og auðgaði skólasamfélagið okkar. Vonum við að þetta verði ekki fyrsti og síðasti neminn sem verður í vettvangsnámi í Austurkór heldur eigi þeim eftir að fjölga eftir því sem árin líða.

VIII Mat

8.1 *Matsaðferðir*

Við notum margar leiðir til að meta starf leikskólans og til að fá sem heildstæðustu sýnina á skólastarfið þá leitum við eftir þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Sem hluti af lýðræðislegum vinnubrögðum við innra mat skólans er bæði notað óformlegt mat og formlegt mat. Dæmi um óformlegt mat er m.a. fundir, foreldraviðtöl, samtöl. Dæmi um formlegt mat er skoðanakannanir, matslistar o.fl. Við höfum það markmið þetta skólaárið að setja saman matsteymi sem vinnur eftir matsáætlun og eins og hefur komið fram þá er þörf á endurmati og uppfærslu á ýmsum stefnum og verkferlum.

8.2 *Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður*

Þær aðferðir sem notaðar voru við endurmat eru taldar upp hér að ofan og koma jafnframt fram í sjálfsmatsskýrslu stjórnenda, endurmati á námsþættinum „Menning og sköpun“, miðlægri starfsmannakönnun á vegum Menntasviðs sem framkvæmd var af Skólapulsinum. Helstu niðurstöður endurmats síðasta skólaárs sýna að starfsumhverfi skólans hefur breyst mikið í þá átt að stöðugleikinn í starfsmannahópnum er alltaf að aukast og minni tími/orka stjórnenda fer í móttöku nýliða og meiri í faglega dýpkun í starfsaðferðum. Ræturnar eru alltaf að styrkjast og þéttast og stofninn gildnar. Ýmislegt er hægt að gera betur og vinna markvissara með s.s. endurmatsverkferlar, safnaferðir, málörvun og útinám.

8.3 *Endurmat á starfsáætlun skólaársins 2019-2020*

Starfsmannahópurinn fór yfir starfsáætlunina saman og átti sér stað góð umræða um starfshætti, skipulag o.fl. Við viljum bæta ýmis atriði sem tengjast endurmati m.a. að setja saman endurmatsteymi, og „kjarna“ verkferla/-áætlun. Við þurfum að fara í naflaskoðun með hvort útinám sé sá hornsteinninn í skólastarfinu í Austurkór eins og sagt er í skólanámskránni (annað hvort að taka það út eða standa undir því í raun). Við þurfum að tengja Heimsmarkmiðin og Barnasáttmálann inn í skólanámskránni og móta skýrari línu hvernig unnið er með þessa þætti í náminu. Börnin þurfa að fá tækifæri til að vera frekari þátttakendur í skipulagi, framkvæmd og endurmati ýmissa uppkomudaga og tengja ábyrgðina á þær deildir sem sjá um Fjörfundinn þá viku sem þessir dagar eru í. Nefndarstörf þurfa að vera virkari og finna þarf rými til samráðs fyrir nefndirnar t.d. Workplace. Foreldrasamskipti þarf að skoða og uppfæra foreldrastefnu. Sama gildir um starfsfólk og starfsmannahandbókina.

8.4 *Umbótaáætlun*

Það sem við ætlum að leggja áherslu á þetta skólaár er:

- Að gera endurmat markvissara og mælanlegra
- Að útnámsstundir verði markvissari svo þær geti talist hornsteinninn í skólastarfinu
- Að ná þeim viðmiðum sem sett hafa verið í leikskólum Kópavogs varðandi niðurstöður Hljóm-2
 - Að auka foreldrasamstarf og skerpa á tengslum milli skóla og heimilis
 - Að auka gæði samskipta í starfsmannahópnum

Leiðir að markmiðum:

- Virkja endurmatsteymi og gera endurmatsáætlun til 3-4 ára
- Auka fræðslu til starfsfólks um gildi útímenntunar og námsleiðir (í símenntunaráætlun, jafningjafræðslu, kynnisferðir). Regluleg eftirfylgni með starfi deilda og skráningum og er ábyrgðin í höndum Útináms/Numicon-nefndarinnar sem og stjórnenda.
- Markvissari samverustundir þar sem unnið er með hljóðkerfisvitundina og á hver deild að setja leiðir og ábyrgðaraðila inn í sína starfsáætlun. Sérkennsluteymi aðstoðar með eftirfylgni og styður við starfsfólk (mentorar ef þarf). Sama teymi heldur utan um jafningjafræðslu og kynningu á því námsefni sem til er í skólanum. Málörvunarnefndin (sem styður við faglegt starf í málörvun/Lubba/Hljóm ofl.) gerir sína starfsáætlun og endurmetur reglulega svo við náum settu marki.
- Deildarstjórar bera öllu jafna ábyrgð á vikupóstaskrifum og sendingu þeirra. Kjarna þarf verklagið við innihald póstanna og sendingartíma. Skólastjórnendur fylgir eftir og aðstoða ef þarf. Jafnframt þarf að fara yfir verklag samskipta varðandi stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðsins og uppfæra foreldrastefnuna. Við þurfum að endurvekja (þegar að Covid-fræðingarnir leyfa) tilboð til foreldra um að snæða með okkur morgunmat og jafnframt að bjóða þeim að vera með okkur á fjörfundi. Við ætlum að kynna starfsaðferðir skólans enn frekar fyrir foreldra og samfélagið almennt t.d. með greinaskrifum/myndböndum (2-6 yfir skólaárið) og bera skólastjórnendur ábyrgð á þeirri framkvæmd.
- Starfsmannahópurinn mun vinna að gerð samskiptasáttmála á haustönn. Starfsmannahandbók verður endurmetin á vorönn og bera skólastjórnendur ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni með báðum verkefnum. Við ætlum að reyna halda fundarplani eftir fremsta megni og endurmeta verklag reglulega á deildar-/deildarstjórafundum.

IX Öryggismál

9.1 Öryggisnefnd

Öryggisnefnd er starfandi í skólanum en hlutverk hennar er að hafa eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna í samvinnu við Vinnu- og heilbrigðiseftirlitið. Öryggisnefndin fundar reglulega yfir skólaárið og fer yfir gátlista frá Vinnueftirlitinu, skráir og fylgir eftir þeim atriðum sem þarf að laga.

9.2 Áfallateymi

Í Austurkór sinnir samráðsteymi hlutverki áfallateymis og vinnur eftir [áfallaáætlun](#) skólans. Samráðsteymi skal ræða áföll sem upp koma og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Uppfæra þarf símanúmer og nöfn starfsfólks í áætluninni og verður það gert á haustönn 2019.

9.3 Innra eftirlit

Til að öll hjól skólastarfseminnar snúist og séu í takt eru ýmsir verkferlar sem við vinnum eftir í sambandi við innra eftirlit. Við m.a. skiptum með okkur verkum varðandi ábyrgð ákveðinna rýma innan skólans, þrifum á því og búnaði sem fylgir. Einnig eru ákveðnir verkferlar sem fylgja hverri deild varðandi þrif og sótthreinsun og sama gildir um eldhúsið. Eftirlitsbók fylgir útisvæðinu og skiptist starfsfólk deilda á að fylla í hana sem og koma verkbeiðnum áleiðis til stjórnenda ef þörf er á.

9.4. *Slys*

Ef slys verður í skólanum þá er það skráð í miðlægt skráningarkerfi nefnt Atvik og hefur það beina tengingu við vátryggingarfélag Kópavogsbæjar. Auk þess sem upplýsingunum er komið til foreldra um tildrög slyss og meiðsl ef einhver verða. Við vinnum eftir ákveðnum [verkferlum](#) þegar að slys verða og er mikilvægt að allir starfsmenn þekki þessa ferla því fúmlaus viðbrögð geta skipt sköpum þegar að slys verður.

Lokaorð

Starfsáætlun þessi var unninn í júní 2020 af starfsmannahópnum og byggist að miklu leiti á endurmati síðustu starfsáætlunar, niðurstöðum starfsmannakönnunar, sjálfsmati og umræðum. Skólastjórnendur lögðu lokahönd á áætlunina í ágúst. Það verklag við endurmat og stefnumótun skólastarfsins skiptir sköpum fyrir faglega framþróun – bæði fyrir einstaka starfsmann og skólasamfélagið í heild. Það styrkir okkur sem lærdómssamfélag, skapar samhljóm og styður við lýðræðisleg vinnubrögð Reggio- sýnarinnar. Það eru mörg sóknarfæri til að gera betur og eftir því sem reynslan verður meiri í starfsmannahópnum verður auðveldara að dreifa verkefnum og ábyrgð. Þannig nýtist mannauðurinn betur og fleiri hendur vinna létt verk. Aukin stöðugleiki veitir okkur andrými í frekari faglega endurspeglun, skilvirkari samskipti og meiri tengsl....og sem vonandi leiðir til enn betra starfsumhverfis og gefandi skólasamfélags.

Kópavogur 27.08.2020

Guðný Anna Þóreyjardóttir

Svanhvít Friðriksdóttir